

Júlí 2020



Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra 2019



Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu – 101 Reykjavík
545 9200 | fjr@fjr.is

Júlí 2020

Ábyrgðarmaður: Bjarni Benediktsson
Umsjón: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson
& Einar Guðmundsson

© 2020 – Fjármála- og efnahagsráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Ársskýrsla ráðherra | 4 |
| Samantekt um starfsemi ráðuneytis 2019 | 7 |
| Endurmat útgjalda | 7 |
| Færri og öflugri stofnanir | 7 |
| Fyrsta heildstæða stjórnendastefnan | 8 |
| Tímalína 2019 | 11 |
| Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2019 | 15 |
| Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna | 20 |
| Staða aðgerða eftir málaflokkum | 20 |
| Kynja- og jafnréttismál | 52 |
| Ávinningur af styrkjum og framlögum 2019 | 53 |
| Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða | 54 |
| Almennur varasjóður | 55 |
| Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila | 56 |
| Yfirlit yfir útgefið efni | 58 |



Ársskýrsla ráðherra

Hér á eftir fer ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra sem byggist á fyrirmælum í lögum um opinber fjármál, en þetta er í þriðja sinn sem slík skýrsla er birt. Henni er ætlað að gera grein fyrir niðurstöðu útgjalda og mati á árangri í samanburði við sett markmið fyrir hvert málefnasvið og málaflokk til lengri tíma litið, auk þess að veita yfirlit yfir aðgerðir sem tengjast þeim. Þannig fæst yfirsýn og tenging fjármuna við stefnumótun fyrir málefnasvið og málaflokka.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á stjórn og stefnumótun upplýsinga- tæknimála ríkisins og vinnur að því að framfylgja þeirri ákvörðun ríkisstjórnar að gera stafræn samskipti að meginsamskiptaleið ríkisins fyrir lok ársins 2020. Bætt þjónusta, styrkari og liprari stjórnsýsla, greiðara aðgengi almennings og fyrirtækja að hinu opinbera auk betri nýtingar fjármuna, er leiðarljós fjármála- og efnahagsráðuneytisins í þessu víðtæka umbótaverkefni sem verkefnastofan Stafrænt Ísland vinnur að. Á árinu voru gerðar breytingar á ýmsum lögum til að heimila stafrænar tilkynningar um álagningu ýmissa skatta eða gjalda og var þar með stigið skref til þess að efla stafræna stjórnsýslu.

Ýmsar skattalækkanir og umbætur í skattframkvæmd voru lögfestar árið 2019. Í lok árs tóku gildi ný heildarlög um innheimtu skatta og opinberra gjalda. Helsta markmið þeirra er að tryggja sem best réttaröryggi gjaldenda gagnvart ríkissjóði þegar kemur að innheimtu opinberra skatta og gjalda og lögfesta gildandi framkvæmd. Samþykkt var lækkun í fjórum jöfnum skrefum á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki, banka- skattinum, á árunum 2021–2024. Með setningu laga sem fjalla um skattlagningu tekna

af höfundaréttindum var því fyrirkomulagi að leggja tekjuskatt á einstaklinga vegna höfundaverka breytt og þær tekjur verða eftirleiðis taldar til fjármagnstekna. Loks má geta þess að unnið var að breytingum á tekjuskattskerfinu sem samþykktar voru á haustþingi. Lækkar tekjuskattur einstaklinga verulega í kjölfarið í tveimur áföngum, 1. janúar 2020 og 1. janúar 2021.

Í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum voru á árinu 2019 samþykktar lagabreytingar til að styðja við orkuskipti, frá og með árinu 2020. Fela þær í sér nýja tímabundna skattastyrki sem hvetja til vistvænni samgöngumáta auk þess sem gerðar voru breytingar á þeim ívilnunum sem voru þegar í gildi vegna innflutnings og sölu á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðum.

Sett var ný eigandastefna fyrir jarðir, land, lóðir og auðlindir í ríkiseigu, en ekki hefur áður verið í gildi eigandastefna fyrir þennan málaflokk. Meginmarkmið í eignaumsýslu ríkisins undanfarin ár hefur verið að stuðla að skýrri, skilvirkri og hagkvæmri meðferð á ríkiseignum ásamt því að bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð allra eigna. Með nýrri eigandastefnu eru meginmarkmið ríkisins með eignarhaldinu nánar útfærð til að stuðla betur að markmiðum um faglega umsýslu jarða, lands og auðlinda í eigu ríkisins.

Áfram er unnið að verkefnum um kerfisbundið endurmat á útgjöldum, sem ætlað er að varpa betur ljósi á þróun útgjalda, möguleika á að nýta betur almannafé og auka gagnsæi ríkisfjármálanna.



Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Samantekt um starfsemi ráðuneytis 2019

Samantekt um starfsemi ráðuneytis 2019

Árið 2019 markaðist sem fyrr af því meginhlutverki fjármála- og efnahagsráðuneytisins að fara með yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála og var í starfseminni lögð áhersla á að tryggja framgang fjármálastefnu og fjármálaáætlunar og vandaðan undirbúning frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2020. Ráðuneytið fer að auki með málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins.

Á árinu setti ráðuneytið á oddinn brýn áherslumál sem varða umbætur í opinberri þjónustu og opinberum fjármálum.

Áhersla á stafræn málefni var í brennidepli í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að stórauka stafræna þjónustu, einfalda þjónustuferla, gera þá sjálfvirka og innleiða til þess nauðsynlega tækniinnviði. Í maí 2019 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun um eflingu stafrænnar þjónustu með það að markmiði að auka sjálfsafgreiðslu á Ísland.is þannig að almenningur geti nálgast þjónustu hins opinbera á einum stað og að einstaklingar hafi beinan aðgang að persónulegum gögnum sem hið opinbera ræður yfir. Unnið var að þessu á vegum Stafræns Íslands á árinu. Almennt leitaði almenningur meira eftir þjónustu hins opinbera á netinu, en innskráningum á vefi hins opinbera fjölgaði hratt á fyrstu átta mánuðum ársins og voru 52% fleiri þessa mánuði ársins en á sama tíma árið 2018.

Endurmat útgjalda

Mikilvægt er að skipulag starfsemi ríkisins sé með þeim hætti að hægt sé að bregðast við nýjum aðstæðum og að stuðlað sé að bættri nýtingu fjármuna. Ráðuneytið lagði sérstaka áherslu á árinu 2019 á að vinna við að greina kerfisbundið útgjöld til tiltekinna verkefna eða málaflokka í þeim tilgangi að auka skilvirkni og bæta forgangsroðun og ráðstöfun almannaþjónu.

Færri og öflugri stofnanir

Af öðrum einstökum, stærri áhersluverkefnum má nefna breytingar í stofnanaumhverfi ráðuneytisins sem leiddu af sér fækkun stofnana. Á sviði fjármálamarkaðar var skipulagi breytt með sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins en þeirri vinnu lauk á árinu og sameiningin tók gildi frá áramótum 2020. Á sama tíma fluttust samskipti við lánsþjónustafyrirtæki til ráðuneytisins.

Á sviði skatta- og tollamála var einnig unnið að skipulagsbreytingum og var ákveðið eftir ítarlega skoðun sem hafði að markmiði að efla þjónustu við almenning, að leggja fram frumvarp um sameiningu embættis ríkisskattstjóra og tollstjóra í öflugri og leiðandi upplýsingastofnun. Frumvarpið var samþykkt og um áramót tók ný og sameinuð stofnun, Skatturinn, til starfa. Markmið breytinganna var að bæta þjónustu og hafa samþættingu, sjálfvirknivæðingu og stafræna opinbera þjónustu að leiðarljósi.

Fyrsta heildstæða stjórnendastefnan

Ráðuneytið gaf á árinu út stjórnendastefnu ríkisins, sem var fyrsta heildstæða stefnan um starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana, ráðuneytisstjóra og annarra sem hafa stjórnun að meginstarfi hjá ríkinu. Stefnan er liður í því að efla stjórnun hjá ríkinu, vinna að betri og öflugri þjónustu við samfélagið sem miðar að því að bæta lífsskjör í landinu. Í stefnunni er kveðið á um hvaða hæfni, þekkingu og eiginleika stjórnendur þurfa að bera og hvernig ríkið ætlar að styðja við stjórnendur til að ná góðum árangri.

Á sviði mannauðsmála var einnig unnið að kjarasamningum við ríkisstarfsmenn og samhliða að umbótum á vinnumarkaði. Lögð var áhersla á bætt launatölfræði, bæði í aðdraganda kjarasamninga og vegna starfsemi ríkisins.

Fjármála og efnahagsráðuneytið ber alfarið ábyrgð á þremur málefnasviðum og að hluta fimm öðrum málefnasviðum en málaflokkar sem eru ábyrgð ráðuneytisins eru samtals 15. Undir ráðuneytið heyra níu A-hluta stofnanir sem tilheyra fjórum málaflokkum:

| 05.1 Skattar og innheimta | 05.2 Eignaumsýsla ríkisins | 05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins | 16.1 Markaðseftirlit og neytendamál |
|---------------------------|----------------------------|-------------------------------|-------------------------------------|
| Skatturinn | Framkvæmdasýsla ríkisins | Fjárþýsla ríkisins | Fjármálaeftirlitið |
| Yfirskattanefnd | Ríkiseignir | Ríkiskaup | |
| Skattrannsóknarstjóri | Bankasýsla ríkisins | | |

Fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:

- 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.
- 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar.
- 34 Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna.

Auk þess ber ráðherra að hluta ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:


- 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. málefni upplýsinga- samfélagsins í málaflokki 06.1.
- 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar, sbr. Fjármálaeftirlitið í málaflokki 16.1.
- 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks, sbr. jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða í málaflokki 27.5.
- 29 Fjölskyldumál, sbr. barnabætur í málaflokki 29.1.
- 31 Húsnæðisstuðningur, sbr. húsnæðisstuðningur í málaflokki 31.1.

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang fjármála- og efnahagsráðuneytis skipt eftir málefna- sviðum árið 2019.

Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu.

Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar




Mynd 1. Rekstur málefnasvið og málaflokka.

Tafla 1. Mannauðsmál.

| Starfsfólk í lok árs 2019 | Alls | Karlar | Konur |
|-----------------------------|-------------|---|---------------|
| Fjöldi | 90 | 40 | 50 |
| Hlutfall | | 44% | 56% |
| Meðalaldur | 45,7 | 42,7 | 48,7 |
| Menntun starfsfólks | Fjöldi | Hlutfall | |
| Ekki háskólamenntun | 8 | 9% | |
| Háskólamenntun grunnám | 17 | 19% | |
| Háskólamenntun framhaldsnám | 66 | 73% | |
| Samtals | 91 | 100% | |
| Meðalstarfsaldur í FJR | | | 5,9 ár |
| Starfsánægja | 4,11 | skv. vinnustaðagreiningu Maskínu í febrúar 2020 | |
| Stjórnun | 4,22 | skv. niðurstöðum úr Stofnun ársins 2020 | |
| Vinnuskilyrði | 4,34 | skv. niðurstöðum úr Stofnun ársins 2020 | |

Skipting háskólamenntunar



Mynd 2. Skipting háskólamenntunar.

Tímalína 2019

22. janúar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hlýtur jafnlaunavottun. [Nánar >](#)

28. janúar

Innleiðingu stofnana á vefinn *opnirreikningar.is* lokið og 132 stofnanir birta þar greiðslu-upplýsingar.

25. febrúar

Umfangsmikilli greiningu á tekju-skattskerfinu lokið og skýrsla kynnt um endurskoðun tekju-skatts og bótakerfa hjá einstaklingum. [Nánar >](#)

1. mars

Ríkissjóður kaupir 38% hlut í Farice. [Nánar >](#)



27. febrúar

Fundað um samstarf í upplýsinga-tæknimálum í Eistlandi. [Nánar >](#)

11. mars

Aðgengi að opinberum útboðum einfaldað með rafrænu útboðs-kerfi. [Nánar >](#)

15. mars

Grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð gefin út í fyrsta sinn. [Nánar >](#)

23. mars

Fjármálaáætlun fyrir 2020 kynnt. [Nánar >](#)

29. mars

Metfjöldi Evrópugerða á fjármálamarkaði tekinn upp í EES-samninginn. [Nánar >](#)

28. mars

Samþykkt að leggja fyrir Alþingi frumvarp ráðherra vegna sam-einingar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. [Nánar >](#)



9. apríl

Ríkissjóður eignast Farice að fullu og kaupir hlut í Neyðarlínunni. [Nánar >](#)

15. apríl

Fjármála- og efnahagsráðherra undirrita yfirlýsingu um alþjóðlegan samstarfsvettvang fjármálaráðherra um aðgerðir í loftslagsmálum. [Nánar >](#)

16. apríl

Nýtt verklag um reglulegt endurmat útgjalda innleitt. [Nánar >](#)

27. maí

Páfi ávarpar alþjóðlegan fund fjármálaráðherra um aðgerðir gegn loftslagsvandnum í Vatikaninu. [Nánar >](#)

9. maí

Fjármála- og efnahagsráðherra situr ársfund Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) í Sarajevo. [Nánar >](#)



29. maí

Fjármála- og efnahagsráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða fjármála-stefnu fyrir árin 2018–2022 vegna breyttra efnahagshorfa. [Nánar >](#)



31. maí

Tákn á þaki Arnarhvals – sýning opnuð.



4. júní

Nýsköpunardagur hins opinbera haldinn í fyrsta sinn. [Nánar >](#)

13. júní

Ríkissjóður gefur út nýtt skulda- bréf í evrum á hagstæðustu vöxtum í sögu lýðveldisins. [Nánar >](#)

7. júní

Ráðuneytið og Alþjóðabankinn halda alþjóðlega ráðstefnu skuldastýrenda. [Nánar >](#)



18. júní

Nýjar reglur um almenn starfs- kjör forstöðumanna og reglur um viðbótarlaun þeirra taka gildi. [Nánar >](#)

20. júní

Endurskoðuð fjármálastefna samþykkt á Alþingi.

26. júní

Ný stjórnendastefna ríkisins gefin út – fyrsta heildstæða stefnan um starfsumhverfi stjórnenda hjá ríkinu. [Nánar >](#)

4. júlí

Starfatorg.is, þar sem laus störf hjá ríkinu eru auglýst, endurbætt og aðlöguð snjalltækjum.

28. júní

Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2018 birt. [Nánar >](#)



9. júlí

Ný eigendastefna samþykkt fyrir jarðir, land, lóðir og auðlindir í ríkiseigu. [Nánar >](#)

14. júlí

Bjarni Benediktsson kjörinn varaformaður bankaráðs ásíska innviðafjárfestingarbankans (AIB) á ársfundi bankans í Lúxemborg. [Nánar >](#)

6. september

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 kynnt. [Nánar >](#)

16. september

Ný skýrsla OECD: Lífskjör á Íslandi með því besta sem þekktist. [Nánar >](#)



18. október

Norrænir fjármálaráðherrar funda í Washington í tengslum við ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. [Nánar >](#)



21. október

Lagt til að sameina embætti ríkisskattstjóra og tollstjóra í öfluga og leiðandi upplýsingastofnun, Skattinn. [Nánar >](#)

8. nóvember

Bjarni Benediktsson sækir árlegan fund ráðherra fjármála- og efnahagsmála í ríkjum ESB, Ecofin og EFTA í Brussel. [Nánar >](#)



11. nóvember

Sendinefnd AGS birtir álit sitt eftir reglubundna heimsókn. [Nánar >](#)

26. nóvember

Frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um ívilnanir vegna vistvænna ökutækja, rafmagnsreiðhjóla og annarra reiðhjóla samþykkt í ríkisstjórn. [Nánar >](#)

15. nóvember

Fjármála- og efnahagsráðherra kynnir fyrir ríkisstjórn helstu atriði sem ráðuneytið hefur unnið að undanfarið með það að markmiði að koma í veg fyrir skattundanskot og tryggja virkt skattaeftirlit og eftirfylgni skattaframkvæmdar. [Nánar >](#)

27. nóvember

Bjarni Benediktsson stýrir fundi norrænu ráðherranefndarinnar um stafræn málefni í Riga í Lettlandi. [Nánar >](#)

28. nóvember

Fjárlög fyrir 2020 samþykkt.

4. desember

Guðrún Ögmundsdóttir skipuð skrifstofustjóri skrifstofu rekstrar og innri þjónustu.

11. desember

Alþingi samþykkir lög sem greiða fyrir sameiningu embætta ríkisskattstjóra og tollstjóra í Skattinn. Ný, sameinuð stofnun tekur til starfa 1.1.2020.

5. desember

Bjarni Benediktsson hlýtur hvatningarverðlaun Samtóns fyrir að vera fyrsti ráðherra heims sem viðurkennir höfundarrétt til jafns við annan eignarrétt. [Nánar >](#)



16. desember

Samkomulag undirritað um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar. [Nánar >](#)



16. desember

Mikill áhugi á kynningu útboðs um hönnun og þróun stafrænnar þjónustu hins opinbera. [Nánar >](#)

18. desember

Fjármála- og efnahagsráðherra tilnefnir Gunnar Jakobsson í embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika. [Nánar >](#)

17. desember

Samþykkt í ríkisstjórn að allir bílar ríkisins verði vistvænir, nema öryggis- eða notkunarkröfur krefjist annars. [Nánar >](#)



30. desember

Stefna í lánamálum ríkisins fyrir 2020-2024 gefin út. [Nánar >](#)

Málefñasvið

Frávikagreining – málefнасvið og málaflokkar 2019

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rekstrarafkomu þeirra málaflokka málefnasviða sem fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum annarra málefnasviða sem fjármála- og efnahagsráðuneytið á hlutdeild í.

Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur málaflokka, í milljónum króna að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við fjárheimildir ársins 2019 ásamt uppsöfnuðum frávikum frá fyrri árum.

Tafla 2. Rekstur málefnasviða og málaflokka.

| Málaflokkar - rekstur | Raun | Áætlun ársins | Frávik innan ársins | Frávik % | Flutt frá fyrra ári | Uppsafnað frávik kr. | Uppsafnað frávik % |
|--|----------------|----------------|---------------------|-------------|---------------------|----------------------|--------------------|
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 14.770 | 14.850 | 80 | 1% | 1.329 | 1.409 | 9% |
| 0510 - Skattar og innheimta | 7.411 | 7.589 | 178 | 2% | 867 | 1.045 | 12% |
| 0520 - Eignaumsýsla ríkisins | -79 | 176 | 255 | 145% | 295 | 550 | 117% |
| 0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins | 2.394 | 2.508 | 113 | 5% | 78 | 191 | 7% |
| 0540 - Stjórnarsýsla ríkisfjármála | 5.044 | 4.578 | -467 | -10% | 89 | -378 | -8% |
| 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 152 | 88 | -64 | -72% | 77 | 13 | 8% |
| 0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 152 | 88 | -64 | -72% | 77 | 13 | 8% |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj. sýsla atv. mála | 2.007 | 2.340 | 333 | 14% | 452 | 785 | 28% |
| 1610 - Markaðseftirlit og neytendamál | 2.007 | 2.340 | 333 | 14% | 452 | 785 | 28% |
| 20 Framhaldsskólastig | 0 | 0 | 0 | - | -10 | -10 | - |
| 2010 - Framhaldsskólur | 0 | 0 | 0 | - | -10 | -10 | - |
| 27 Örorða og málefni fatlaðs fólks | 4.968 | 4.904 | -64 | -1% | 0 | -64 | -1% |
| 2750 - Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða | 4.968 | 4.904 | -64 | -1% | 0 | -64 | -1% |
| 29 Fjölskyldumál | 12.338 | 12.100 | -238 | -2% | 0 | -238 | -2% |
| 2910 - Barnabætur | 12.338 | 12.100 | -238 | -2% | 0 | -238 | -2% |
| 31 Húsnæðisstuðningur | 2.818 | 3.400 | 582 | 17% | 0 | 582 | 17% |
| 3110 - Húsnæðisstuðningur | 2.818 | 3.400 | 582 | 17% | 0 | 582 | 17% |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi | 68.061 | 90.513 | 22.452 | 25% | 0 | 22.452 | 25% |
| 3310 - Fjármagnskostnaður | 47.867 | 47.625 | -242 | -1% | 0 | -242 | -1% |
| 3320 - Ríkisábyrgðir | 847 | 0 | -847 | - | 0 | -847 | - |
| 3330 - Lífeyrisskuldbindingar | 19.347 | 42.888 | 23.541 | 55% | 0 | 23.541 | 55% |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 24.605 | 21.088 | -3.517 | -17% | 11 | -3.506 | -17% |
| 3410 - Almennur varasjóður | 0 | 3.322 | 3.322 | 100% | 0 | 3.322 | 100% |
| 3420 - Sértækar fjárráðstafanir | 0 | 9 | 9 | 100% | 11 | 21 | 100% |
| 3490 - Afskriftir skattkrafna | 24.605 | 17.756 | -6.849 | -39% | 0 | -6.849 | -39% |
| Samtals | 129.720 | 149.283 | 19.563 | 91 | 1.859 | 21.423 | 117 |

Alls námu heildarútgjöld, þ.e. gjöld og fjárfestingar, þeirra málaflokka sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á 130,5 ma.kr. árið 2019. Um 87% heildarútgjalda ráðuneytisins er vegna sk. óreglulegra og kerfislægra liða, s.s. fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna og lífeyrisskuldbindinga. Frávik- frá áætlunum skýrast að stærstum hluta af þróun óreglulegra og kerfislægra liða.

Málaflokkar sem eru marktækt undir fjárheimildum eru **33.30 Lífeyrisskuldbindingar**, **31.10 Húsnæðisstuðningur** og **16.1 Markaðseftirlit og neytendamál**.

Í málaflokki **33.3 Lífeyrisskuldbindingar** nema útgjöld 19,3 ma.kr. og eru þau 23,5 ma.kr. lægri en áætlanir. Frávikin skýrast að mestu af því að vísitala launa opinberra starfsmanna hækkaði talsvert minna en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og þar með var gjaldfærð skuldbinding lægri. Eins var hrein raunávöxtun á fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í bakábyrgðarskuldbindingar í B-deild LSR með hæsta móti eða 14,8% sem hefur áhrif á stöðu skuldbindinga í árslok.

Málaflokkurinn **16.1 Markaðseftirlit og neytendamál** er 332 m.kr. undir heimildum ársins 2019. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af því að raunkostnaður launa hjá Fjármálaeftirlitinu var 307 m.kr. undir áætlun þar sem reiknuð stöðugildi fyrir árið 2019 voru færri en gert hefði verið ráð fyrir og óvenju mikið var um löng launalaus leyfi hjá starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins. Einnig verður að hafa í huga að stór hluti starfsmanna var með lausa samninga frá apríl 2019 og fyrirhugaðar launahækkanir komu ekki inn á árinu 2019.

Heildargreiðslur málaflokks **31.1 Húsnæðisstuðningur** vegna vaxtabóta er 582 ma.kr. undir heimildum eða sem nemur 17,1%. Skýringu fráviksins er að finna í meiri hækkun tekna en gert hafði verið ráð fyrir, en tekjur mynda frádrátt frá vaxtagjöldum og stýra þannig ákvörðun vaxtabóta. Nettóeign fjölskyldna í húsnæði hefur aukist síðustu ár umfram spár. Viðmiðunarfjárhæðir vegna eignarkerðingar innan vaxtabótakerfisins hafa einnig verið hækkaðar í samræmi við þjóðhagsforsendur en hafa samt ekki haldið í við eignamyndunina. Nokkuð færri lentu í þaki hámarksvaxtabóta í ár eftir 5% hækkun viðmiðunarfjárhæða. Að sama skapi fækkaði þeim sem lentu í þaki 7% reglunnar sem kveður á um að stofn til útreiknings vaxtabóta geti ekki farið yfir 7% af eftirstöðvum skulda vegna eigin húsnæðis. Á móti voru vaxtagjöld viðkomandi hópa lægri en við var búist, en vaxtagjöld mynda rétt til vaxtabóta.

Frávik eru á rekstri málaflokks **5.20 Eignaumsýsla ríkisins**. Málaflokkurinn er að mestu fjármagnaður með sértekjum en sértekjur Ríkiseigna voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Afskrift skatta og annarra óinnheimtra ríkistekna í málaflokki **34.3 Afskriftir skattkrafna** nam áþekkri fjárhæð og árið á undan eða 24,6 ma.kr. sem er 6,9 ma.kr. meira en áætlað var í fjárlögum. Óinnheimtar eftirstöðvar eru metnar árlega og færðar niður með tilliti til þess hversu líklegt er að þær muni innheimtast. Niðurstöður matsins leiða fram raunhæft verðmæti eignar ríkisins í formi krafna á skattgreiðendur og færist hún í efnahagsreikning. Á sama hátt og við uppgjör ársins 2018 var beitt sérstakri rýni til viðbótar við hefðbundið verklag. Eftirstöðvar voru greindar eftir einstökum tegundum skatta og aldri kröfu, og þörf fyrir niðurfærslu metin í ljósi sögulegrar reynslu af innheimtu. Við matið nú var virðisaukaskattur rýndur sérstaklega sem leiddi til 6,2 ma.kr. viðbótarniðurfærslu umfram það sem óbreytt aðferð hefði gefið eða alls 10,1 ma.kr. Aðrir skattar og tryggingagjöld voru færð niður um alls 13,6 ma.kr. og aðrar tekjur, aðallega sektir, um 0,9 ma.kr.

Útgjöld málaflokks **5.4 Stjórnsýslu ríkisfjármála** 467 m.kr. umfram heimildir. Í fyrsta lagi skýrst fráviknið af 127 m.kr. útgjöldum vegna virðisaukaskatts ríkisstofnana af tölvuvinnslu. Um er að ræða endurgreiðslur á tölvuþjónustu ríkisstofnana sem hefur farið ört vaxandi á síðustu árum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið er ábyrgt fyrir fjárlaga viðfanginu en hefur ekki sjálft áhrif á kaup ríkisstofnana á tölvuvinnslu og getur þar af leiðandi ekki haft áhrif á útgjöld viðfangsins með beinum hætti. Nú stendur yfir heildarendurskoðun á verkefninu m.a. með það að markmiði að tryggja að þetta verkefni geti ekki farið fram úr fjárveitingum. Í öðru lagi skýrast frávikin af útgjöldum vegna umsýslu hugbúnaðarleyfa sem námu samtals 287 m.kr. á árinu og tengjast innleiðingu á nýju skrifstofuumhverfi ríkisins. Hluti skýringarinnar er að samningsár hugbúnaðarleyfanna er júní til maí ár hvert og er heildarreikningur greiddur í júní, en stofnanir eru rukkaðar ársfjórðungslega. Þá hafa útsendir reikningar til stofnana í sumum tilfellum ekki verði greiddir, en útistandandi kröfur vegna Microsoft leyfa þann 31. desember 2019 voru tæplega 315,8 m.kr.

Í málaflokki **33.2 Ríkisábyrgðir** reyndust útgjöld 847,1 m.kr. umfram áætlanir, sem skýrast af töpuðum langtímakröfum og uppgjöri á ábyrgð. Um er að ræða óreglulegan lið sem byggist á forsendum sem erfitt er að áætla fyrir og ekki er hægt að hafa beina stjórn á. Undir tapaðar kröfur og tjónabætur fellur 504 m.kr. niðurfærsla á viðskiptakröfu á Kadeco sem færð var niður til að jafna við stöðu félagsins. Sem uppgjör á þessari kröfu átti að koma lóð en ekki bærust upplýsingar um þá lóð í tíma og verður hún því færð til eignar á árinu 2020 og tilheyrandi tekjufærsla þar á móti. Þessi neikvæða staða mun því jafnast út á árinu 2020.

Taflan sýnir fjárfestingu í m.kr. í samanburði við áætlanir ársins 2019 ásamt upp-
söfnuðum frávikum fyrri ára. Í fyrsta dálki er það sem það sem ráðstafað var á árinu.

Tafla 3. Fjárfestingar málefnasviða og málaflokka.

| Málaflokkur | Til ráðstöfunar á árinu | Ónýtt heimild frá fyrra ári | Ráðstafað á árinu | Staða í árslok |
|--|----------------------------|--------------------------------|----------------------|-------------------|
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 560,4 | 1141,9 | -801,0 | 901,2 |
| 0510 - Skattar og innheimta | 227,7 | -7,0 | -88,8 | 131,9 |
| 0520 - Eignaumsýsla ríkisins | 5,2 | 1231,2 | -415,7 | 820,8 |
| 0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins | 141,6 | -74,1 | -178,7 | -111,1 |
| 0540 - Stjórnarsýsla ríkisfjármála | 185,9 | -8,2 | -117,9 | 59,8 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | 10 | -5,7 | -21,9 | -17,5 |
| 1610 - Markaðseftirlit og neytendamál | 10 | -5,7 | -21,9 | -17,5 |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi | 20 | 220 | - | 240 |
| 3320 - Ríkisábyrgðir | 20 | 220 | - | 240 |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 214,4 | 278,3 | - | 492,7 |
| 3410 - Almennur varasjóður | 17,2 | 240 | - | 257,2 |
| 3420 - Sértækar fjárráðstafanir | 197,2 | 38,3 | - | 235,5 |
| Samtals | 804,8 | 1634,5 | -822,8 | 1616,5 |

Fjárhæðir í milljónum króna

Frávik vegna almenna varasjóðsins sýna óráðstafaða stöðu varasjóðsins, sem mun
verða felld niður í árslok. Frávik annarra málaflokka voru óveruleg.



Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Um fjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og tíunduð þau verkefni sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða á árinu. Árangursmælingar markmiða eru tvíþættar: mælikvarðar 2019 í fjármálaáætlun 2019–2023 eru gerðir upp og sömuleiðis aðgerðir ársins, sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019.

- **Aðgerð lokið**
- **Aðgerð vel á veg komin**
- **Aðgerð hafin**
- **Undirbúningur hafinn**
- **Aðgerð ekki hafin**

Staða aðgerða eftir málaflokkum

Staða aðgerða eftir málaflokkum í árslok 2019 eru birt í mynd 2. Hver aðgerð er merkt eftir ofangreindu stöðumati og sýnir yfirlitið stöðu allra aðgerða ráðuneytisins sem í ár voru 53 talsins. Málaflokkarnir eru eðlisólíkir og aðgerðirnar sem skilgreindar eru ná yfir mismunandi tímabili sem skýrir að hluta mismunandi stöðu aðgerða í árslok 2019.

Af þeim 53 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpinu, er varða málaflökka ráðuneytisins, var 49 þeirra lokið eða enn í vinnslu í lok árs. Þrjár aðgerðir voru í undirbúningi en tvær aðgerðir voru felldar brott. Aðgerð í málaflokki 33.1 Fjármagnskostnaður „Lækka útistandandi hámarksfjárhæð markflokka ríkisbréfa“ hefur verið sett í bið og aðgerð í málaflokki 5.1 Skattar og innheimta, „Gagnvirk þjónustugátt“ var felld inn í verkefnið um rafrænu þjónustugáttina Ísland.is.

Mynd 3. Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2019

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | | | | Samt. |
|---|-------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| 5.1 Skattar og innheimta | ● 1 | ● 2 | ● 3 | ● 4 | 10 |
| 5.2 Eignaumsýsla | ● 1 | ● 3 | ● 3 | ● 3 | 10 |
| 5.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins | ● 1 | ● 1 | ● 3 | ● 3 | 8 |
| 5.4 Stjórnýsla ríkisfjármála | | ● 4 | ● 4 | ● 1 | 9 |
| 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | | ● 2 | ● 1 | | 3 |
| 16.1 Markaðseftirlit og neytendamál | | | ● 1 | ● 1 | 2 |
| 29.1 Barnabætur | | | | ● 1 | 1 |
| 31.1 Húsnæðisstuðningur | | | | ● 3 | 3 |
| 33.1 Fjármagnskostnaður | | | ● 3 | | 3 |
| 33.2 Ríkisábyrgðir | | | ● 1 | | 1 |
| 33.3. Lífeyrisskuldbindingar | | | ● 2 | | 2 |
| Samtals aðgerðir | 3 | 12 | 21 | 16 | 53 |

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

05.1 Skattar og innheimta

Með fjárlögum fyrir árið 2019 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 05.1 Skattar og innheimta. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að tryggja að skattumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að skilvirku skattkerfi fyrir sameiginleg útgjöld.

1. Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.
2. Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2019–2023 fyrir árið 2019 og stöðunnar í lok ársins 2019.

Markmið 1: Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|-----------|-------------|-----------|
| Hlutfall þeirra sem skila upplýsingum innan tímamarka: | | | |
| a) skattframtöl einstaklinga, | a) 94,0% | a) 97% | a) 93,4% |
| b) framtöl lögaðila, | b) 81,5% | b) 83% | b) 82,0% |
| c) virðisaukaskattsskýrslur. | c) 95,2% | c) 95% | c) 93,9% |
| Innheimtuhlutfall vegna | | | |
| a) tekjuskatts einstaklinga, | a) 88,5% | a) 86,5% | a) 89,7% |
| b) tekjuskatts lögaðila og | b) 91,1% | b) 86,5% | b) 94,7% |
| c) virðisaukaskatts. | c) 82,4% | c) 82,3% | c) 86,2% |
| Afskriftir | 2,60% | 1% | 2,39% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Heildarendurskoðun á tekjuskatt einstaklinga og samspili hans við bótakerfin. | <p>● Stýrinefnd og sérfræðingahópur skilaði skýrslu í febrúar um endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum. Niðurstaða þeirrar vinnu hefur að hluta komið til framkvæmda með nýju lægsta þrepi skattkerfisins og breytingum á viðmiðum þrepamarka.</p> | 2018–2020 |
| Endurskoðun á skattlagningu menningar, fjölmiðla og ferðaþjónustu. | <p>● Í sáttmála stjórnarflokkanna um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis kemur m.a. fram sú stefnuyfirlýsing að hugað verði að breytingum á skattlagningu á tónlist, íslensku ritmáli og fjölmiðlum og var skref til eflingar lista og menningar stigið á árinu 2019 með setningu laga sem fjölluðu um skattlagningu tekna af höfundaréttindum. Frá gildistöku laganna 1. janúar 2020 verða greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem réttihafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. höfundalögum hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, skattlagðar sem fjármagnstekjur án nokkurs frádráttar. Að því er varðar tónlist, íslenskt ritmál og fjölmiðla var ákveðið að í stað þess að fara með breytingar í gegnum skattkerfið yrði slíkum breytingum best fyrir komið með beinum stuðningsaðgerðum sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa nú útfært. Með lögum nr. 77/2018, um breytingu á ýmsum lögum vegna aðgerða gegn skattundanskotum og skattsvikum, voru m.a. gerðar breytingar sem byggðar voru á skýrslu um skattskyldu af erlendri ferðaþjónustustarfsemi á Íslandi. Breytingarnar, sem tóku gildi á árinu 2019, sneru að heimild erlendra atvinnufyrirtækja, þ.m.t. ferðaþjónustuaðila, sem eru virðisaukaskattskyldir hér á landi til að skrá sig og skila virðisaukaskatti í gegnum einfaldað rafrænt skráningarkerfi og heimild tollstjóra til að fjarlægja skráningarkerfi ökutækis hafi ekki verið staðin skil á lögbundnum aðflutningsgjöldum bifreiðar. Þá var tollstjóra fengin almenn heimild til þess að fjarlægja skráningarkerfi ökutækis í þeim tilfellum að fyrir liggur að aðili, jafnt innlendir sem erlendir, hafi ekki staðið skil á lögbundnum aðflutningsgjöldum bifreiðar hér á landi. Þá var jafnframt sett stöðluð gjaldskrá um greiðslu aðflutningsgjalda vegna tímabundins innflutnings erlendra hópbifreiða til landsins, eða annarra ökutækja sem nota á til atvinnurekstrar, í stað þess að útreikningur eigi sér stað út frá áætlaðri leigu miðað við 1/60 hluta tollverðs.</p> | 2018–2020 |
| Heildarendurskoðun á gjaldtöku á ökutæki og eldsneyti með áherslu á græna skatta og mögulega skattaívilnanir, m.a. fyrir vistvæn ökutæki, þannig að skattheimtan þjóni betur loftslagsmarkmiðum og standi betur undir útgjöldum vegna samgangna. | <p>● Verkefnisstjórn um skattlagningu á notkun ökutækja hefur verið sett á fót til að móta tillögur að framtíðarstefnu um sjálfbæra skattlagningu ökutækja með sérstaka áherslu á skattlagningu á notkun ökutækja og tæknilega útfærslu slíkrar skattlagningar.</p> <p>Á árinu 2019 voru samþykktar lagabreytingar um frekari stuðning við orkuskipti í samgöngum. Lagabreytingin felur í sér nýja tímabundna skattastyrki sem hvetja til notkunar á vistvænum samgöngum og sem nýtast bæði heimilum og fyrirtækjum. Hér undir falla vistvænar bifreiðar, nýorku- og hreinorkubifreiðar auk þess sem gerðar voru breytingar á þeim ívilnunum sem voru í gildi vegna innflutnings og sölu á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðum. Þá tóku jafnframt gildi nýjar tímabundnar skattaívilnanir fyrir rafmagns- og vetnisbifhjól, létt bifhjól sem ganga fyrir rafmagni, reiðhjól og hleðslustöðvar.</p> | 2019–2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Skattrannsóknir og -eftirlit eftt, m.a. með áherslu á áhættustjórnun. Unnið úr tillögum starfshópa um frekari aðgerðir gegn skattundandrætti og skattaskjólum. | <ul style="list-style-type: none"> Aðgerðir gegn skattsvikum og skattundanskotum hafa verið í forgangi undanfarin ár. Ráðist hefur verið í lagabreytingar sem meðal annars bjóða upp á nýtt, einfaldað VSK-skráningarkerfi fyrir erlenda aðila, skerpa á skilaskyldu launagreiðenda á staðgreiðslu af launum útleigðra starfsmanna og fleiri aðgerðir gegn undanskotum. Þá hafa stjórnvöld einnig tekið þátt í alþjóðlegu átaksverkefni OECD gegn skattsvikum sem felst meðal annars í að auka upplýsingaskipti um fjármagnstekjur skattgreiðenda, skiptast á skýrslum um starfsemi alþjóðlegra fyrirtækjasamstæðna og styrkja varnir gegn undanskotum með upptöku ákvæða um fasta starfsstöð, breyta orðalagi tvísköttunarsamninga og setja reglur um milliverðlagningu. Breytingunum er ætlað að draga úr skattundanskotum og tilheyrandi tekjutapi fyrir ríkissjóð. Það er hins vegar viðvarandi verkefni stjórnvalda að styrkja skattkerfið svo það tryggir skattalegt jafnræði einstaklinga og fyrirtækja. Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar tekna erlendra lögaðila í lágs kattaríkjum, samsköttunar félaga, takmörkunar á frádrætti vaxtagjalda og skattlagningar útsendra starfsmanna (samsköttun, CFC-félög o.fl.), með tillögum að endurskoðuðum reglum um skattlagningu lögaðila í lágs kattaríkjum og útleigu vinnuafis. | 2018–2020 |
| Endurskoðun/fjölgun tvísköttunar- og upplýsingaskiptasamninga. | <ul style="list-style-type: none"> Engir nýir tvísköttunar- eða upplýsingasamningar voru undirritaðir á árinu. Á árinu var unnið að uppfærslu á gildandi tvísköttunarsamningum í samvinnu með öðrum ríkjum í gegnum marghliða samning OECD (MLI) sem tekur gildi 1. janúar 2020. | 2018–2023 |
| Endurskoðun á lögum og reglum um virðisaukaskatt af byggingastarfsemi. | <ul style="list-style-type: none"> Engir nýir tvísköttunar- eða upplýsingasamningar voru undirritaðir á árinu. Á árinu var unnið að uppfærslu á gildandi tvísköttunarsamningum í samvinnu með öðrum ríkjum í gegnum marghliða samning OECD (MLI) sem tekur gildi 1. janúar 2020. | 2018–2019 |

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--------------------------------|-----------|---|-----------|
| Fjöldi gjalddaga. | 269 | 150-200 gjalddagar (frá 269 árið 2015). | 206 |
| Innheimtukostnaður ríkissjóðs. | 912 m.kr. | 5% lækkun frá 2018. | 553 m.kr. |
| Fjöldi innheimtumanna. | 9 | Viðmið ekki skilgreint. | 9 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|---|-----------------|
| Gagnvirk þjónustugátt. | Horfið frá því að opna sérstaka þjónustugátt hjá skattfyrvöldum og þess í stað markmið að nýta rafrænu þjónustugáttina Ísland.is til enn frekari rafrænna samskipta við skattfyrvöld. | 2018–2019 |
| Endurskoðun á tryggingagjaldi, m.a. með tilliti til samspils atvinnutryggingagjalds og almenna tryggingagjaldsins. | ● Vinna við endurskoðun tryggingagjaldsins er langt komin innan ráðuneytisins. Tillögum um fyrirkomulag og samsetningu gjaldsins verður skilað á haustmánuðum 2020. | 2018–2020 |
| Hafist verður handa við endurskipulagningu innheimtukerfis opinberra gjalda á grundvelli tillagna starfshóps fyrir mitt ár 2019. Frumvarp um fyrsta áfanga í breyttu fyrirkomulagi við innheimtu opinberra gjalda lagt fram á haustþingi 2018. Síðari áfangi unninn í samráði við DMR. Ný innheimtulöggjöf. | ● Lög um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, tóku gildi 31. desember 2019. | 2018–2019 |
| Einföldun og framlenging á lögum og reglum um hlutabréfaafslátt einstaklinga á móti tekjuskatti og hækkun á þaki vegna frádráttar fyrirtækja í nýsköpun og þróun frá álögðum tekjuskatti. | ● Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 134/2018, tóku gildi 1. janúar 2019. | 2018–2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið



05.2 Eignaumsýsla ríkisins

Með fjárlögum fyrir árið 2019 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk **05.2 Eignaumsýsla ríkisins**.

Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að meðferð eignarhalds allra ríkiseigna verði samræmd, fagleg og hagkvæm.

1. Viðundandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins.
2. Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.
3. Setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í [fjármálaáætlun 2019–2023](#) og stöðunnar í lok ársins 2019. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Viðunandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|---------------------|-------------|---------------------------|
| Samfélagslegur ávinningur og gagnsæi mælt sem hlutfall félaga í eigu ríkisins sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og sem sett hafa sér mælanleg samfélagsleg markmið og gert grein fyrir þeim í ársskýrslu. | 20% | 25% | 50% |
| Fjárhagslegur ávinningur mældur sem hlutfall félaga í eigu ríkisins sem rekin eru á viðskiptalegum forsendum og mæta settri arðsemiskröfu eigin fjár undangengin þrjú ár. | Mælikvarði í mótun. | 35% | Mælikvarði í endurskoðun. |
| Yfirsýn og gagnsæi mælt sem hlutfall stærri félaga í eigu ríkisins sem skila 5 ára fjárhagsáætlun og yfirlýsingum gagnvart markmiðum eigandastefnu. | 50% | 70% | 80% skiluðu 5 ára áætlun. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Unnin verði skýrsla um stöðu, horfur, álitamál og framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem lögð verði fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir verða teknar um fjármálakerfið. | ● Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var birt í nóvember 2018. | 2018–2019 |
| Endurskoða og gefa út almenna eigandastefnu. Gerð reglna um val á stjórnarmönnum auk sér- tækra viðauka við almenna eigandastefnu fyrir einstök félög eða geira eins og við á. | ● Drög að endurskoðaðri almennri eigandastefnu og reglur um val stjórna liggur nú fyrir. Stefnt er að kynna loka drög fyrir ríkisstjórn í haustið 2020. Einnig hafa nokkrir viðaukar verið kynntir fyrir einstök félög. | 2018–2019 |
| Formfesta reglulega fundi með stærri félögum ríkisins þar sem farið verður yfir áætlanir til 5 ára í senn og fylgt eftir meginreglum, viðmiðum og markmiðum sem fram koma í eigandastefnu. | ● Komið var á upplýsingafundum með félögum á árinu 2019 en markmiðið er að formfesta fundina sem samræmdari hætti. Mikil áhersla var lögð á upplýsingagjöf frá félögum og gagnsæi á árinu 2019. | 2018–2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið



Markmið 2: Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|-----------|-------------|----------------------------|
| Hlutfall eigna sem eru í miðlægri umsýslu ríkisins. | ≈50% | 75% | 55% fasteigna 82% jarða |
| Hlutfall jarða og auðlinda sem skráðar eru í miðlægan korta- og landupp-lýsingagrunn um ríkisjarðir. | 30% | 60% | 33% |
| Hlutfall húsnæðis í eigu ríkisins í markaðsleigu eða leigu byggðri á kostnaðargrunni. | ≈50% | 60% | 55% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|--|-----------------|
| Gerð eigandastefnu fyrir jarðir, land, lóðir og auðlindir í eigu ríkisins. | ● Eigandastefna samþykkt og útgefin í júlí 2019. | 2017–2019 |
| Lokið við færslu fasteigna í miðlæga umsýslu. | ● Unnið var að endurskoðuðu fyrirkomulagi á umsýslu fasteigna á vegum Háskóla Íslands í samræmi við markmið um miðlæga og faglega umsýslu ásamt því að auka fjárhagslegt gagnsæi við rekstur þeirra. | 2019–2020 |
| Eignfæra allar eignir ríkisins í samræmi við breyttar reikningsskilareglur. Unnið að útfærslu verðmatsaðferða vegna jarða og lands. | ● Útfærðar voru verðmatsaðferðir fyrir jarðir og land í samstarfi við Ríkiseignir og fasteignaskrá Þjóðskrár. Miðað við að hægt verði að ganga frá eignfærslu jarða og lands á árinu 2020. | 2019–2020 |
| Fjárfestingaráætlun gerð til 5 ára vegna húsnæðis- og framkvæmdarmála ríkisins. | ● Unnið var að þróun og innleiðingu framkvæmda- og fjárfestingaáætlunar sem ætlað er að taki til byggingarframkvæmda og annarrar húsnæðisöflunar á vegum ríkisins. | 2019–2020 |
| Upptaka markaðsleigu og leigu sem byggð er á kostnaðargrunni fyrir fasteignir ríkisins. | ● Leigusamningar á vegum Ríkiseigna voru endurnýjaðir m.v. áætlað leiguverð fyrir sambærilegt húsnæði á markaði þar sem lagt var mat á bæði gæði og staðsetningu. | 2019–2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------------------|-------------|-----------|
| Hlutfall auðlindasamninga af heild, sem uppfyllir kröfur nýrrar eigandastefnu um auðlindir á ríkisjörðum. | Mælikvarði í vinnslu. | 40% | Ólokið. |
| Áætlaðar tekjur af sérleyfum vegna hagnýtingar á landi, náttúru eða auðlinda. | Mælikvarði í vinnslu. | Ólokið. | Ólokið. |
| Sérgreining tekna af auðlinda-samningum á ríkisjörðum. | 5% | 60% | 5% |


| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|--|-----------------|
| Ljúka greiningu og skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnsupplýsingakerfi. Meta ástand ferðamannaáða á landi ríkisins og þörf fyrir skýrari umsjón og aðgangsstýringu. | ● Unnið að greiningu og skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir sem þeim tilheyra. Greining liggur fyrir á 58 ríkisjörðum af þeim 315 sem eru í umsjón Ríkiseigna. | 2019–2021 |
| Skráning allra auðlindasamninga sem gerðir hafa verið af hálfu ríkis um jarðir í eigu ríkisins. Sér-greining tekna af auðlindasamningum ríkisins. | ● Vinna við skráningu auðlindasamninga og sérgreiningu tekna hefur tafist. Taka þarf afstöðu til bókhaldslegrar meðferðar slíkra samninga út frá reiknings-skilareglum. | 2019–2021 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

05.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins

Í fjármálaáætlun 2019–2023 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk **05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins**. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að skilvirkri og hagkvæmri fjármálaumsýslu og rekstri ríkisins. Að auki er þeim ætlað að stuðla að aukinni framleiðni í opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir notendur, starfsmenn og skattgreiðendur.

1. Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.
2. Markvissari stjórnun, skipulag og aukin leiðtogaþæfni hjá stofnunum ríkisins.
3. Aukinn samrekstur og nýting sameiginlegra innviða.



Markmið 1: Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|-----------|-------------|-----------|
| Hlutfall málaflokka þar sem rekstur er innan fjárheimilda ársins. | 73% | 90% | 88% |
| Hlutfall ríkisaðila með fjárhagsbókhalda í Orra sem gerir reikninga vegna kaupa á vöru og þjónustu aðgengilega almenningi á sérstakri vefsíðu. | 90% | 80% | 99% |
| Hlutfall ríkisaðila í A-hluta sem nota miðlægt áætlanagerfi vegna áætlanagerðar fyrir næstkomandi ár. | 95% | 80% | 98% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Birting reikninga á netinu og bætt aðgengi fyrir almenning að tölulegum gögnum. | ● Um áramótin 2018-2019 var lokið við að innleiða opna reikninga hjá ráðuneytum og stofnunum í A-hluta ríkissjóðs og birtast þeir á vefnum opnirreikningar.is. Leiðbeiningar voru uppfærðar á árinu til að auðvelda greiningar. Frá áramótum 2019-2020 verða allir reikningar vegna kaupa ríkisins á vöru og þjónustu innsendir með rafrænum hætti. | 2019–2020 |
| Stefnumótun og framkvæmd aðgerða við nýsköpun á sviði opinberrar þjónustu. | ● Vefsíða um opinbera nýsköpun var opnuð á árinu með upplýsingum, fréttum og nýsköpunarverkefnum hins opinbera. Nýsköpunardagur hins opinbera var haldinn í júní. Nýsköpunarmót var haldið í september, en það er vettvangur fyrir opinbera aðila og fyrirtæki að hittast og ræða áskoranir og lausnir. Nýsköpunarstefna kom út í október 2019 en hluti af henni var samráðsfundur með opinberum aðilum um leiðir til að auka nýsköpun hjá hinu opinbera. | 2019 |
| Innleiðing og þróun á innkaupakerfi fyrir A-hluta stofnanir. | ● Þróun heldur áfram og 5 stofnanir taka nú þátt í þróun. Fleiri stofnanir koma inn í verkefnið á næsta ári. | 2018–2022 |
| Innleiðing á skilvirku og gagnsæju verklagi við áætlanagerð, áhættumat og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. | ● Innleiðing gengur vel og góður árangur hefur náðst varðandi það að stofnanir ríkisins hagi rekstri sínum í samræmi við áætlanir Ráðuneyti skila ársfjórðungslega afkomugreiningar og framvinduskýrslu áhættuþátta þar sem gerð er krafa til aðgerðaáætlunar ef reksturinn er utan fjárveitinga. | 2018–2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Markvissari stjórnun, skipulag og aukin leiðtogahæfni hjá stofnunum ríkisins.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|-------------|-------------|-----------------------|
| Hlutfall forstöðumanna sem hafa fengið endurgjöf á störf sín í stjórnendasamtali, frá hlutaðeigandi ráðuneyti á undangengnum 24 mánuðum. | Ekki hafið. | 15% | Mælikvarði í vinnslu. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Gerð verður þjónustukönnun hjá stofnunum ríkisins með það að markmiði að bæta markvisst almannaþjónustu. | ● Þjónustukönnun var framkvæmd í lok árs 2019 og var ákveðið að byrja á að gera könnun sem tók til 11 stofnana sem veita umfangsmikla þjónustu og líklegt var að almenningur hafi leitað til síðastliðið ár. Fyrirhugað er að framkvæma þjónustukönnun sem nær til fleiri stofnana í framhaldinu. | 2018–2019 |
| Þróun heildstæðrar stjórnendastefnu og verklagsreglna um hæfnisþætti, framkvæmd frammistöðumats undirbúin og gerð starfsþróunaráætlana fyrir forstöðumenn. | ● Stjórnendastefna var gefin út í júní 2019 og er liður í því að efla stjórnendur hjá ríkinu. Í stefnunni er kveðið á um hvaða hæfni, þekkingu og eiginleika stjórnendur þurfa að bera til að geta sinnt skyldum sínum og hvernig ríkið ætlar að styðja þá til að ná árangri. Aðgerðir úr aðgerðaráætlun með stjórnendastefnu ríkisins er snúa að ráðningarferli, stjórnendasamtölum og endurgjöf og starfslokum var unnin á haustmánuðum 2019. Birting og framkvæmd á niðurstöðu þeirra vinnu er áætluð til útgáfu árið 2020. Búið er að skilgreina hæfnisþætti stjórnenda og móta umgjörð stjórnendasamtals sem mun síðar þróast í frammistöðumat. Vinna við skilgreiningu viðmiða um gerð starfsþróunaráætlana, innleiðingu og eftirfylgni er áætlað að hefjist á haustmánuðum 2020. | 2019–2021 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Aukinn samrekstur og nýting sameiginlegra innviða.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|------------|-------------|------------|
| Hlutfall A-hluta ríkisstofnana sem tekur þátt í sameiginlegum örútboðum og/ eða nýtir einbirgissamninga. | 63% | 95% | 84% |
| Hlutfall stofnana sem eiga samskipti við almenning og lögaðila í gegnum rafrænt pósthólf Ísland.is | | 100 | u.þ.b. 20 |
| Fjöldi nettenginga ríkisins. | u.þ.b. 270 | 80 | u.þ.b. 270 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|---|-----------------|
| Samrekstur stofnana í upplýsingatækni (vélasalir, skýjalausnir, hugbúnaðarleyfi). | <p>● Stærsta verkefnið á þessu sviði er innleiðing skrifstofuumhverfis hjá ríkinu, sem staðið hefur yfir frá því á haustmánuðum 2018. Um 90% stofnana (60% leyfa) hafa fengið leyfi afhent. Landspítalinn hefur hafið innleiðingu og áætlað að þeirri innleiðingu ljúki á vormánuðum, en spítalinn er með um 35% leyfa hjá ríkinu. Verkefnið snýr að ofnagreiðdu markmiði um fækkun vélasala, nýtingu skýjalausna og sameiginleg innkaup ríkisins á hugbúnaði.</p> <p>Þá fluttu Tryggingastofnun og Umbra vélasali sína í gagnaver Veðurstofunnar og fækkar þá tölvusölum ríkisins sem því nemur.</p> | 2018–2021 |
| Mat á stöðu og þróun mannaflaparfar einstakra stofnana til a.m.k. næstu þriggja ára í tengslum við markmið og áherslur í starfsemi stofnunar. Aðgerðaáætlanir unnar á grundvelli matsins. | <p>● Verkefnið er á grunnstigi. Mannaflapörf og skipulag tekur mið af starfseminni og þjónustu við almenning. Samlegðaráhrif við verkefni um endurmat útgjalda og umbótasamtöl í tengslum við betri vinnutíma þarfnast sérstakrar skoðunar. Í umbótasamtali gefst tækifæri til að koma á framfæri áherslum varðandi starfsemi, þjónustu og skipulag stofnana ásamt því að ræða innleiðingu nýjunga sem eru til þess fallnar að auka hagkvæmni í daglegri starfsemi. Þá er einnig mikilvægt að horfa til framtíðar og leggja mat á þróun í starfsumhverfi og áhrif þess á mannaflapörf.</p> | 2018–2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Markmið í málaflokknum eru:

1. Hraðari uppbygging stafrænna innviða.
2. Skýrari stefnumótun, samvirkni og mat á árangri.
3. Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið

Markmið 1: Hraðari uppbygging stafrænna innviða.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------|-------------|-----------|
| Fjöldi þjónustuveitenda/ stofnana sem tengjast stafrænni stofnbraut (e. X-Road). | | 20 | 0 |



| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|--|-----------------|
| Efling miðlægrar þjónustugáttar sem m.a. felir í sér leyfisveitingar og stafrænt pósthólf. | <p>● Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 31. maí 2019 aðgerðaráætlun um eflingu stafrænnar opinberrar þjónustu.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Sjálfsafgreiðsla. 2. Aðgangur gögnum. 3. Rafræn auðkenning. 4. Sameiginleg innkaup, þróun og rekstur þvert á hið opinbera. 5. Sterk miðja sem leiðir stafvæðingu hins opinbera. 6. Efling og virk þátttaka ráðuneyta. 7. Markviss fjármögnun. 8. Lagaumgjörð sem styður við stafvæðingu. <p>Á grunni þeirrar áætlunar var unnið að högun Ísland.is forgangsröðun verkefna sem skiptist í þrjár megin aðgerðir: 1) Uppbygging á þjónustugáttinni Ísland.is 2) Innleiðing á Straumnum (X-Road) 3) Aukning sjálfsafgreiðsluferla. Þessi verkefni voru boðin út á haustmánuðum. Útboðið var gert með nýstárlegum hætti, þar sem óskað var eftir tilboðum í tíma hönnuða, forritara og verkefna-stjóra í allt að 60.000 klst. næstu tvö árin. Alls buðu 27 fyrirtæki fram 60 teymi sem verður að teljast góð þátttaka. Valin voru 18 teymi, sex í hverri aðgerð og er þeim stýrt af Stafrænu Íslandi. Þá var auglýst staða stafræns leiðtoga til að stýra Stafrænu Íslandi til að setja aukna áherslu á málefnið og verður gengið frá ráðningu hans í upphafi árs 2020.</p> | 2019–2021 |
| Uppsetning stafrænnar stofnbrautar (e. X-Road) og tenging hennar við grunnupplýsingakerfi ríkisins. Samvirkni tryggð. | <p>● Eins og greint er frá hér að ofan þá var uppsetning og tenging stofnana sín á milli gegn um Strauminn (X-Road) sett í þann farveg að verkefnið var boðið út. Samhliða því fór fram grunnuppsetning á kerfinu og var það komið í raun-umhverfi um áramót.</p> | 2019–2021 |
| Mótun tækniarkitektúrs og tæknistefnu ríkisins, ásamt aðgerðaáætlun fyrir upplýsingatækni-umhverfi ríkisins. | <p>● Unnin var tæknistefna um Ísland.is sem fór í samráðsgátt á haustmánuðum. Hún byggir á opnum hugbúnaði og högun sem gerir mörgum þróunaraðilum að þróa sama kerfið. Þetta tryggir aukna samkeppni um þróun fyrir ríkið og aukna fjölbreytni. Þá var unnið í tæknistefnu grunnkerfa ríkisins og skilgreind voru átta meginviðmið (e. principle). Verkið er viðamikilið og því skipt upp í áfanga sem afmarkast af hverju meginviðmiði. Stofnaður var vinnuhópur sem tók netöryggi (eitt af meginviðmiðum) fyrir og mun hópurinn skila af sér á vormánuðum.</p> <p>Þá var lokið við mótun högunnar á tækniarkitektúr fyrir skrifstofuumhverfi ríkisins fyrir 164 stofnanir sem nýta Microsoft 365.</p> | 2019–2022 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Skýrari stefnumótun, samvirkni og mat á árangri.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2018 | Víðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------------|-------------|-----------|
| Fjöldi heildstæðra stefna fyrir málefnasvið. | 0 | 3-5 | 1 |
| Vísanir/tengingar milli málefnasviða í fjármálaáætlun. | 10 | 20 | 31 |
| Hlutfall aðgerða lokið innan tíma marka í fjármálaáætlun. | Nýr mælikvarði. | >80% | 74% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|--|-----------------|
| Tenging kynjaðrar fjárlagagerðar við ferla og stefnumótun á grundvelli laga um opinber fjármál. | ● Grunnskýrsla kynjaðrar fjárlagagerðar gefin út. Áframhaldandi jafnréttisgreining á málefnasviðum og málaflökkum. | 2019–2023 |
| Endurnýjun þjóðhagslíkans þannig að það taki meira mið af þróun opinberra fjármála og endurspegli betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. | ● Búið er að endurskoða verklag og gera samkomulag um upplýsingaskipti við spáteymi Hagstofu Íslands. Tekið er tillit til aðgerða stjórnvalda í spá sem liggur til grundvallar fjármálaáætlunar og fjárlaga. | 2016–2020 |
| Þróun útgjaldagreininga (e. Spending reviews) á ýmsum þáttum ríkisrekstrar, byggð á bestu fordæmum, m.a. af vettvangi OECD. | ● Samhliða vinnu við að innleiða hlutlæga magn- og árangursmælikvarða í tengslum við stefnumótun til þriggja ára og ársáætlanir ríkisaðila var ráðist í tvö tilraunaverkefni sem lutu að rekstri sýslumannsembættta og endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar. | 2017–2022 |
| Efling greiningarstarfs og upplýsingamiðlunar, birting opinna reikninga og mánaðarlegra bókhaldsupplýsinga, endurbætt framsetning gagna á vef. | ● Ráðuneytið vann að því að efla greiningu og framsetningu gagna á vef, m.a. með undirbúningi vefs um opinber umsvif. Ráðuneytið setti á árinu upplýsingastefnu um helstu markmið í þeim málum. Lokið var innleiðingu opinna reikninga og upplýsingar 132 stofnana birtar þar. | 2017–2022 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2018 | Víðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------|-------------|-----------|
| Hlutfall mælikvarða í fjármálaáætlun: | a) 37% | a) 45% | a) 43% |
| a) sem mæla virði fyrir samfélagið: afurðir (e. output), áhrif (e. outcome) eða framfarir (e. end-outcome). | b) 63% | b) 55% | b) 57% |
| b) sem ekki mæla afurðir eða áhrif fyrir samfélagið, svo sem aðföng (e. Input) eða ferli (e. process). | | | |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|--|-----------------|
| Unnin verði drög að skilgreiningu á samfélagsvirði og bættum lífsgæðum í tengslum við mat á mælikvörðum í fjármálaáætlun. | ● Ráðuneytin hafa unnið mikið starf síðustu mánuði við að skilgreina á skýrari hátt markmið og mælikvarða fyrir árangur út á við í hverjum málaflokki, þ.e. aukið samfélagsvirði, sjáanlegar jákvæðar breytingar og bætt gæði fyrir samfélagið. | |
| Samþætting og þróun stoðþjónustu ráðuneyta með flutningi miðlægra verkefna til þjónustueiningar Stjórnarráðsins. | ● Skerpt hefur verið á hlutverki Umbru - Þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins. Fjöldi sameiginlegra rekstrarverkefna ráðuneytanna hafa verið flutt Umbru. Áfram verið unnið að því að stuðla að hagkvæmni í rekstri ráðuneytanna með auknum samrekstri. | |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Í fjárlögum fyrir árið 2019 voru skilgreind fjögur markmið fyrir málaflokk **06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál**. Markmið málaflokksins miða að því að opinber þjónusta byggist á lýðræði, skilvirkni og öryggi með þarfir almennings og atvinnulífs að leiðarljósi.

1. Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningar-efni í tengslum við birtingu hagtalna.
2. Ljúka uppsetningu og aðgengi að skilgreindum gagnasettum á grundvelli grunn-gerðar landupplýsinga (skv. INSPIRE-tilskipun) á Íslandi.
3. Aukið framboð stafrænnar þjónustu.
4. Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógn á netinu.

Markmið 3: Aukið framboð stafrænnar þjónustu.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------|---|-----------|
| Fjöldi þjónustuveitenda/stofnana sem tengjast miðlægu þjónustugáttinni Ísland.is | 20% | Fjöldi þjónustu-veitenda/stofnana í pósthólfri verði 100. | 30% |
| Frammistaða í stafrænni þjónustu stjórnvalda, mæld á bilinu 0-1, í bakgrunnsmælingu WEF á Government usage. | 0,61 | 0,67 | 0,6 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|--|-----------------|
| Móta og innleiða skipulag og stefnu um högun opinberra upplýsingakerfa (landsarkitektúr). | <p>● Unnin var tæknistefna um Ísland.is sem fór í samráðsgátt á haustmánuðum. Hún byggir á opnum hugbúnaði og högun sem gerir mörgum þróunaraðilum möguleika að þróa sama kerfið. Þetta tryggir aukna samkeppni um þróun fyrir ríkið og aukna fjölbreytni. Þá var unnið í tæknistefnu grunnkerfa ríkisins og skilgreind voru átta meginviðmið (e. principle). Verkið er viðamikilið og því skipt upp í áfanga sem afmarkast af hverju meginviðmiði. Stofnaður var vinnuhópur sem tók netöryggi (eitt af meginviðmiðum) fyrir og mun hópurinn skila af sér á vormánuðum.</p> <p>Þá var lokið við mótun högunnar á tækniarkitektúr fyrir skrifstofuumhverfi ríkisins fyrir 164 stofnanir sem nýta Microsoft 365.</p> | 2017–2022 |
| Efla miðlæga þjónustugátt. | <p>● Skilgreind voru 180 verkefni á árinu sem styðja við eflingu miðlægrar þjónustugáttar og voru um 160 lokið á árinu.</p> <p>Verkefninu skipt upp með þeim hætti að áhersla var lögð á að gera eyðublöð sem er að finna á vefjum stofnana þannig úr garði að hægt væri að fylla þau út og undirrita rafrænt, í stað þess að prenta og undirrita með hefðbundnum hætti. Þá var lokið við vinnu við gerð ferlavélar, sem tryggir sjálfvirka afgreiðslu á þjónustu í gegn um Ísland.is og vinna hafin við að nýta ferlavélina við sjálfsafgreiðslu ferla. Að lokum var vinnu við hönnun þjónustuferla (e. Service design) lokið þannig að þeir ferlar sem gerðir verða stafrænir hafi notandann í fyrirrúmi.</p> | 2018–2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 4: Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ögnum á netinu.

| Mælikvarðar fyrir markmið 4 | Raun 2018 | Víðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|--|---|---|
| Hlutfall af frumvörpum, reglugerðum og stefnu-skjölum sem fara í opið samráð í samráðsgátt. | 75% | 60% af stjórnarfrumvörpum sem verða að lögum í opnu samráði í samráðsgátt í lok 2019. | 76% stjórnarfrumvarpa sem urðu að lögum fóru í opið samráð í samráðsgátt. |
| Móta og innleiða skipulag og stefnu um högun opinberra upplýsingakerfa. | Unnið að því að móta skipulag og stefnu. | Búið að móta skipulag og stefnu og innleiðing hafin. | Búið að móta skipulag og vinna við stefnu og innleiðing hafin. |

Aðgerðir sem styðja við markmið 4

Framkvæmt 2019

Tímabil aðgerða

Útgáfa og kynning stefnu fyrir málefna sviðið.
Undirbúningur að reglulegu stöðumati og endurskoðun á stefnu.

- Grænbók unnin í samstarfi fjögurra ráðuneyta sem liggur til grundvallar aðgerðum í upplýsingatæknimálum lokið. Vinna hafin við gerð stefnu á grunni hennar.
- Þá var unnið að mótun stefnu á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í upplýsingatæknimálum fyrir Norðurlönd og Eystrasaltsríkin sem ætla er að tryggja að þessi lönd verði þau samtengdustu í heiminum. Unnið var að gerð nýrrar samstarfsfirlýsingar þessara landa sem áætla er að verði samþykkt 2020. Þetta samstarf hefur áhrif á stefnu í upplýsingamálum hins opinbera, sérstaklega hvað varðar þjónustu gagnvart borgurum og fyrirtækjum, í gervi-greind og í fjarskiptum.

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

16.1 Markaðseftirlit

Samkvæmt fjármálaáætlun fyrir 2019-2023 er meginmarkmið málefna sviðsins aukin samkeppnishæfni atvinnulífs sem byggist á efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu jafnvægi. Markmið málaflokksins eru þrjú:

1. Aukið gegnsæi, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.
2. Aukin umhverfisvitund og úrlausnir á grunni markaðseftirlits og samkeppni.
3. Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits.

Til þess að ná settum markmiðum voru valdar tvær aðgerðir, ein sem tengist fyrsta markmiði málaflokksins og önnur sem tengist þriðja markmiði málaflokksins. Ekki hefur verið gripið til sérstakra aðgerða sem tengjast öðru markmiði málaflokksins á ábyrgðarsviðum fjármála- og efnahagsráðherra, en málaflokkurinn er sameiginlegur með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem hefur ráðist í aðgerðir undir þessu markmiði hvað varðar annað markaðseftirlit en það sem fram fer í Fjármálaeftirlitinu innan Seðlabankans.

Markmið 1: Aukið gegnsæi, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|--|-------------|--|
| Fjöldi óinnleiddra Evrópugerða á fjármálamarkaði. | 34 | <10 | 192 |
| Hlutfall atriða í úttekt Alþjóða-gjaldeyrissjóðs á opinberu eftirliti á fjármálamarkaði sem uppfylla lágmarksviðmið að verulegu leyti. | 24% (2014, úttekt á fylgni við kjarna-viðmið Basel-nefndar um bankæftirlit (BCP)). | >50% | 24% (2014, úttekt á fylgni við kjarna-viðmið Basel-nefndar um bankæftirlit (BCP)). |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Uppfæra rafræna þjónustugátt FME til að einfalda skil gagna, fyrirspurna og erinda | ● Gáttin endurbætt og útvíkuð. Vegna sameiningarinnar hefur hægst á þróun gáttarinnar og áhersla sett á sameiginlegt gagnaskilakerfi þar sem haldið verður utan um öll skil til sameinaðs Seðlabanka. Þróun gáttarinnar mun vera tengd nýju sameiginlegu gagnaskilakerfi. | 2018–2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Óinnleiddum Evrópugerðum á fjármálamarkaði hefur fjölgað töluvert frá síðustu mælingu enda náðist stór áfangi í upptöku veigamikilla gerða um bankamarkað og verðbréfa-markað í EES-samninginn á árinu 2019. Þegar svo margar gerðir eru teknar upp í samninginn fjölgar þeim sem á eftir að innleiða í íslensk lög að sama skapi.

Markmið 3: Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits.

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Endurskoða lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. | ● Verkefnisstjórn um sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins yfirfór m.a. þessi lög í vinnu sinni og lagði til viðeigandi breytingar. | 2018–2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

29.1 Barnabætur

Í fjárlögum fyrir árið 2019 kemur fram að í þessum málaflokki voru ekki skilgreindar aðgerðir. Markmið málaflokksins eru tvö:

1. Auka stuðning við tekjulága foreldra.
2. Aukin einföldun og skilvirkni á barnabótakerfinu.

Markmið 1 og 2: Auka stuðning við tekjulága foreldra og aukin einföldun og skilvirkni á barnabótakerfinu.

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|---|-----------------|
| Endurskoðun á barnabótakerfinu til einföldunar í tengslum við heildarendurskoðun á tekjuskatti einstaklinga. | ● Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum unnin af stýrinefnd og sérfræðingahópi sem skilaði niðurstöðum í febrúar 2019 leiddi til þess að fjárhæðir og skerðingarmörk voru hækkuð. | 2018–2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Árangursmælingar markmiða

Markmið 1: Auka stuðning við tekjulága foreldra.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Víðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------|---------------------------|-----------------|
| Hlutfall tekjulágra foreldra sem fá stuðning. | 100% | Ekkert víðmið skilgreint. | Nýr mælikvarði. |

Markmið 2: Aukin einföldun og skilvirkni í barnabótakerfinu.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2018 | Víðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|-----------|-------------|-----------|
| Fjöldi ákvörðunarþátta við ákvörðun barnabóta. | 11 | 7 | 15 |



31.1 Húsnæðisstuðningur

Í fjárlögum fyrir árið 2019 eru sett fram þrjú markmið fyrir málaflokkinn:

1. Landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform.
2. Einfaldari húsnæðisstuðningur.
3. Auðvelda aðgengi ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2019–2023 fyrir árið 2019 og stöðunnar í lok ársins 2019. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------------------------------|-----------------------------------|-----------------------------------|
| Hlutfall fjölskyldna, 25 ára og eldri, sem eiga fasteign. | 55% fjölskyldna, 25 ára og eldri. | 48% fjölskyldna, 25 ára og eldri. | 55% fjölskyldna, 25 ára og eldri. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|--|-----------------|
| Stuðningur við fyrstu kaupendur helst óbreyttur. | ● Þann 1. júlí 2017 tóku í gildi lög nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Lögin fela í sér heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði til kaupa á fyrstu íbúð og eru hluti af húsnæðisstuðningi hins opinbera á húsnæðismarkaði. | 2018–2023 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Einfeldari húsnæðisstuðningur.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|---|---|--|
| Fjöldi einstaklinga sem fá greiddar vaxtabætur. | 18.985 einstaklingar skv. álagningu opinberra gjalda álagningarárið 2018. | Ekkert viðmið skilgreint. | 17.127 einstaklingar skv. álagningu opinberra gjalda álagningarárið 2019. |
| Fjöldi einstaklinga sem greiða sér-eignarsparnað inn á lán. | Að meðaltali um 25 þús. einstaklingar á mánuði árið 2017. | 10-15% aukning frá meðalfjölda ársins 2017. | Hér er kominn nýr mælikvarði. Sér-eignarsparnaðarúðaðið frá 2013 er í sólarlagi og fellur úr gildi um mitt ár 2021. Þar er því þátttaka minnkandi. Í nýju úrræði fyrstu kaupenda og tekjulágra hefur þátttaka farið vaxandi og jókst um 45% frá desember 2018 til desember 2019. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|---|-----------------|
| Stuðningur í formi vaxtabóta uppfærður í takt við launa- og eignapróun. | <ul style="list-style-type: none"> Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum unnin af stýrinefnd og sérfræðingahópi sem skilaði niðurstöðum í febrúar 2019. Aukin áhersla hefur verið lögð á stuðning við fyrstu kaup en viðmiðunar-fjárhæðum og tekju- og eignatengingar verið uppfærðar. | 2019–2023 |

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Auðvelda aðgengi ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|-------------------------------------|-----------|---------------------------|-----------|
| Fjöldi kaupsamninga um fyrstu kaup. | 3.280 | Ekkert viðmið skilgreint. | 3.089 |
| Fjöldi einstaklinga á íbúð. | 2,54 | 2,45 | 2,59 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|--|-----------------|
| Stuðningskerfi endurskoðuð með það að markmiði að þau nýtist betur ungu fólki og tekjulágum. | <ul style="list-style-type: none"> Sérfræðingahópur um endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum skilaði skýrslu sinni. | 2019–2023 |

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

33.1 Fjármagnskostnaður

Með fjárlögum fyrir árið 2019 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk

33.1 Fjármagnskostnaður.

1. Að lækka skuldir ríkissjóðs.
2. Að lækka fjármagnskostnað.

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárbörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Stefna stjórnvalda á árinu var að lækka skuldir ríkissjóðs. Stefnt er að því að skuldsetning ríkissjóðs á næstu árum haldist innan viðráðanlegra marka og að skuldir séu sjálfbærar til lengri tíma. Lágt skuldahlutfall dregur úr vaxtakostnaði og hefur að óbreyttu jákvæð áhrif á lánshæfismat sem aftur hefur jákvæð áhrif á lánskjör. Með því að draga úr vaxtabyrði skapast aukið svigrúm til uppbyggingar og aukinna útgjalda á öðrum sviðum.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 og stöðunnar í lok ársins 2019. Mismunur á rauntölu og viðmiði skulda fyrir árið 2019 skýrist að nær öllu leyti af erlendri skuldabréfaútgáfu til styrkingar gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands.

| Mælikvarðar fyrir lækkun skulda ríkissjóðs: | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|---|-----------|-------------|------------|
| Heildarskuldir að nafnvirði í ma.kr. | 841 | 832 | 893 ma.kr. |
| Skuldir sem % af VLF. | 29,9% | 28,5% | 30,1% |

| Mælikvarðar fyrir lækkun fjármagnskostnaðar: | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|-----------|-------------|-----------|
| Fjármagnskostnaður í ma.kr. | 63,7 | 47,6 | 47,9 |
| Fjármagnskostnaður sem hlutfall af VLF. | 2,3% | 1,6% | 1,6% |

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2019 eru eftirfarandi:

| Aðgerðir 2019 í málaflokkí | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|--|-----------------|
| Greiða niður skuldir með stöðugleikaframlagi slitabúa. | ● Stöðugleikaframlög hafa verið nýtt til endurkaupa á ríkisbréfum og greiðslu afborgana ríkisskuldabréfa og víxla þegar að gjalddögum kom. Einnig hafa stöðugleikaframlög verið nýtt til lækkunar á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs. | 2016–2020 |
| Nýta óreglulegar tekjur til niðurgreiðslu skulda. | ● Óreglulegar tekjur hafa verið nýttar til niðurgreiðslu skulda eins og aðstæður hafa leyft. | 2016–2024 |
| Endurfjármagna útistandandi skuldir þegar tækifæri gefst á betri vaxtakjörum. | ● | 2018–2023 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

33.2 Ríkisábyrgðir

Með fjárlögum fyrir árið 2019 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir málaflokk **33.2 Ríkisábyrgðir**.

1. Draga úr ríkisábyrgðum.

Stefna stjórnvalda er að draga úr ríkisábyrgðum eins og kostur er næstu árin. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður gefi út nýjar ríkisábyrgðir á tímabilinu.

| Mælikvarðar – draga úr ríkisábyrgðum: | Raun 2018 | Víðmið 2019 | Raun 2019 |
|---------------------------------------|-----------|-------------|-----------|
| Nafnvirði útistandandi ábyrgða. | 957 | 900 | 920 |
| Ríkisábyrgðir % af VLF. | 34% | 32% | 31% |

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2019 eru eftirfarandi:

| Aðgerðir 2019 í málaflokki | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|--|--|-----------------|
| Ekki veita nýja ríkisábyrgðir eða endurnýja útistandandi ábyrgðir. | ● Á árinu voru ekki veittar neinar nýjar ríkisábyrgðir. | 2019–2024 |

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

33.3 Lífeyrismál

Með fjárlögum fyrir árið 2019 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir málaflokk **33.3 Lífeyrismál**.

1. Að minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.

Stefna stjórnvalda er að draga úr hreinum lífeyrisskuldbindingum eins og kostur er, það er skuldbindingum umfram eignir. Á árinu var gerð breyting á tryggingafræðilegum forsendum við mat lífeyrisskuldbindinga, í samræmi við reikningsskilareglur. Áhrif þessara breytinga leiða til hækkunar hreinna lífeyrisskuldbindinga á árinu sem nema um 2,8% af VLF, sem skýrir af hverju markmið um lækkun skuldbindinga sem hlutfall af VLF náði ekki fram að ganga. Án breytinganna væri hlutfallið 1,5 prósentustigi lægra en viðmið ársins var.

| Mælikvarðar markmiðs: | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Raun 2019 |
|--|-----------|-------------|-----------|
| Hreinar lífeyrisskuldbindingar % af VLF. | 23,2% | 23% | 24,3% |

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2019 eru eftirfarandi:

| Aðgerðir 2019 í málaflokki | Framkvæmt 2019 | Tímabil aðgerða |
|---|----------------|-----------------|
| Greiða árlega 7 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar. | ● | 2019–2025 |
| Í tilfellum óreglulegs og einskiptis fjárstreymis í ríkissjóð verði hagstæðasta ráðstöfun þess metin, þ.e. hvort því verði varið til hraðari niðurgreiðslu skulda eða lækunar á ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum. | ● | 2018–2025 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Á árunum 2017 og 2018 innti ríkissjóður af hendi sérstakar forningreiðslur til B-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 5 ma.kr. Þær forningreiðslur hækkuðu í 7 ma.kr. árið 2019 og munu halda áfram á næstu árum.

34.0 Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna.

Ekki voru skilgreind markmið fyrir málefnasvið 34 með fjárlögum fyrir árið 2019. Þar er átt við málaflokkana **34.1 Almennur varasjóður**, **34.2 Sértækar fjárráðstafanir** og **34.3. Afskriftir skattkrafna**. Vísað er í umfjöllun um frávik málaflokka og kafla um almennan varasjóð aftar í skýrslunni.



Kynja- og jafnréttismál

Ráðuneytið hefur leiðandi hlutverki að gegna gagnvart öðrum ráðuneytum varðandi kynjaða fjárlagagerð. Unnið er samkvæmt fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019-2023 og á árinu 2019 hefur verið lögð áhersla á samþættingu kynja- og jafnréttis-sjónarmiða í allri áætlana- og fjárlagagerð. Til þess að það sé hægt, er nauðsynlegt að þekkja stöðu kynjanna á sem flestum sviðum samfélagsins. Í mars kom út [fyrsta grunnskýrsla kynjaðrar fjárlagagerðar](#) þar sem finna má greiningu á stöðu kynjanna á flestum þeim málefnasviðum sem fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar tekur til. Umfjöllun um stefnumótun málefnasviða í fjármálaáætlun 2020-2024 tók mið af niðurstöðum grunnskýrslunnar. Þannig var í fyrsta sinn fjallað með markvissum hætti um kynja- og jafnréttissjónarmið málefnasviða í fjármálaáætlun.

Á árinu var unnið áfram að greiningu á málefnasviðum, hún gerð víðtækari og einnig kafað dýpra í einstök viðfangsefni. Byggt verður á þessari greiningu við mótun fjármálaáætlunar 2021-2025 og í uppfærðri grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar sem gert er ráð fyrir að verði birt síðari hluta ársins 2020. Sem hluti af greiningu á málefnasviðum fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur m.a. verið unnið yfirlit sem sýnir kynjaskiptingu í stjórnnum í félögum í eigu ríkisins þar sem einnig er hægt að sjá laun stjórnarmanna brotin niður eftir kyni.

Sú greining sem unnin hefur verið á málefnasviðunum kemur að góðum notum við ákvarðanir um tekjuöflun eða útgjöld ríkisins. Á undanförunum árum hafa t.d. verið unnar kynjaðar greiningar á samnýtingu skattþrepa sem sýna að úrræðið hefur valdið umtalsverðum neikvæðum hvataáhrifum á vinnuframlag tekjulægri makans, sem er í níu af hverjum tíu tilvikum kona. Þetta var haft í huga þegar unnið var að útfærslu þriggja þrepa staðgreiðsluskatts og dregið úr umfangi samnýtingar skattþrepa og þar með neikvæðum hvataáhrifum þess.

Áfram hefur verið lögð áhersla á samstarf við lykilaðila, til að mynda innan Háskóla Íslands, við Reykjavíkurborg og félagasamtökin Femínísk fjármál. Kynningar og fræðsla voru haldnar fyrir ráðuneytin auk þess sem töluvert var um kynningar fyrir alþjóðlega aðila sem höfðu áhuga á að kynna sér og læra af reynslu Íslendinga af kynjaðri fjárlagagerð.

Ávinningur af styrkjum og framlögum 2019

Vegna eðlis starfsemi fjármála- og efnahagsráðuneytis eru styrkir og framlög, skv. 62. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, ekki stór hluti af starfsemi ráðuneytisins. Árið 2019 veitti ráðuneytið styrki til fjögurra verkefna og voru styrkirnir veittir á grundvelli samstarfssamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku reglugerðar nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra eða til styttri tíma en eins árs. Um er að ræða verkefni sem tengjast rannsóknum tengdum efnahags- og mannauðsmálum og námu heildarupphæðir styrkjanna samtals 21,8 m.kr. Þeir aðilar sem hlutu styrki voru eftirfarandi: Háskóli Íslands vegna rannsókna í lögfræði og hagfræði í norðurslóðarétti; Alþingi veitti á fjárlögum 2016 styrk til rannsóknarverkefnis en verkefnið snýst um lagaleg og hagfræðileg álitaefni sem tengjast höfnum og siglingum á norðurslóðum og stöðu Íslands í því sambandi; þá voru veittir styrkir til Hagrannsóknarstofnunar, samtaka launafólks í almannaþjónustu (HASLA) og Hagstofu Íslands vegna samstarfssamnings um launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir. Ávinningur af þessum styrkjum felst í því að styrkja umgjörð launatölfræði, greiningargetu og frekari rannsóknir á málefnasviðinu. Auk þess var veittur styrkur vegna þátttöku í alþjóðlegri samanburðarrannsókn á mannauðsstjórnun og felst ávinningurinn í styrkari stefnumótun í málaflokki ráðuneytisins. Að lokum var Reboot Hack, fyrsta hakkapön á Íslandi sem er fyrir nemendur og skipulagt af nemendum, veittur styrkur. Ávinningurinn felst í því að hvetja til lausnamiðaðrar nálgunar á raunverulegum áskorunum.



Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Í lögum nr. 125/2015 um opinber fjármál er gert ráð fyrir að hægt sé að nýta varasjóði málaflokka til að bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Ef hætta er á að útgjöld verði umfram fjárveitingar skal hver ráðherra leita leiða til að lækka gjöld innan ársins, millifæra fjárveitingar innan málaflokka eða nýta varasjóði þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar. Ráðuneytið hefur til umræða fjóra varasjóði málaflokka sem allir eru á málefnasviði **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla**. Eftirfarandi töflur sýna ráðstöfun í og úr varasjóðunum. Vert er að nefna að staða varasjóðs í upphafi er uppsöfnuð staða frá fyrri árum ásamt fjárveitingu ársins 2019.

Tafla 4. Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis árið 2019.

| Varasjóður málaflokks 05.1 | Upphæð í m. kr. |
|-----------------------------------|------------------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 418,2 |
| Engu ráðstafað í ár | |
| Staða varasjóðs í lok árs | 418,2 |
| Varasjóður málaflokks 05.2 | Upphæð í m. kr. |
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 228,3 |
| Ráðstafað úr varasjóð | -16 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 244,3 |
| Varasjóður málaflokks 05.3 | Upphæð í m. kr. |
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 34 |
| Engu ráðstafað í ár | |
| Staða varasjóðs í lok árs | 34 |
| Varasjóður málaflokks 05.2 | Upphæð í m. kr. |
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 77,5 |
| Engu ráðstafað í ár | |
| Staða varasjóðs í lok árs | 77,5 |

Ráðstafað var úr varasjóði málaflokks 05.2 til Bankasýslu ríkisins.

Almennur varasjóður

Í fjárlögum er óskiptur almennur varasjóður, skv. 24. gr. laga um opinber fjármál, til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti á fjárlagaárinu. Almennur varasjóður nemur að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga. Framlag úr ríkissjóði í almennan varasjóð á árinu 2019 nam 10 ma.kr. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga ásamt öðrum meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum.


Á árinu 2019 var veitt 777 m.kr. úr sjóðnum vegna gengisbóta árið 2019. Þá var veitt 510 m.kr. framlag úr sjóðnum vegna hærrí dómkrafna á árinu en útgjöld vegna dómkrafna eru í eðli sínu tímabundin, ófyrirséð og óhjákvæmileg og eru talsverðar sveiflur á milli ára í fjölda mála sem höfðuð eru gegn ríkissjóði. Að lokum var veitt framlag til nokkurra mála sem talin eru upp í eftirfarandi töflu.

Tafla 5. Yfirlit yfir ráðstöfun úr almennum varasjóði, sbr. málaflokk 34.1, árið 2019.

| Almennur varasjóður, málaflokkur 34.1 | Upphæð í m. kr. |
|---|-----------------|
| Framlag á fjárlögum fyrir árið 2018 | 10.088 |
| Lækkun vegna fjáráukalaga | -5.100 |
| Gengisbætur 2019 | -777 |
| Dómkröfur | -510 |
| Útgjöld vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálsins | -35 |
| Vegna stofnsamnings Þjóðleikhússins | -25 |
| Lífeyrisskuldbindingar SÍ vegna ársins 2019 | -21,5 |
| Flutt frá árinu 2017, óráðstöfuð fjárveiting vegna ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar | -39,4 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 3.580 |

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Mynd 4. Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða.



Athugið: Inn á myndina vantar áætlaða árslokastöðu fyrir almennan varasjóð (3,3 ma.kr.) og lífeyrisskuldbindingar (23,5 ma.kr.) og afskriftir skattkrafna (-6,8 ma.kr.) vegna hlutfallslegs umfangs í samanburði við aðra liði.

Tafla 6. Yfirlit yfir millifærslur á árinu 2019 skv. 29. gr. laga um opinber fjármál.

| Málaflokkur | Heiti málaflokks | Millifært af | Millifært til | Fjárhæð | Skýring |
|-------------|---------------------------|------------------------------|-------------------------------------|---------|---|
| 05.10 | Skattar og innheimta | 09-262 Tollstjóri | 09-210 Ríkisskattstjóri | 400 | Millifært vegna sameiningar ríkisskattstjóra og tollstjóra. |
| 05.20 | Eignaumsýsla ríkisins | 09-998 Varasjóður málaflokks | 09-977 Bankasýsla ríkisins | 16 | Millifærsla innan málaflokks í samræmi 29. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. |
| 05.40 | Stjórnsýsla ríkisfjármála | 09-999 Lífeyrissjóður bænda | 09-190 Lánaumsýsla ríkisins | 2,5 | Millifærsla innan málaflokks í samræmi 29. og 34. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. |
| 05.40 | Stjórnsýsla ríkisfjármála | 09-190 Ýmis verkefni | 09-190 Þróunarmál í upplýsingatækni | 25 | Millifærsla innan málaflokks í samræmi 29. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. |
| 05.40 | Stjórnsýsla ríkisfjármála | 09-190 Ýmis verkefni | 09-190 Þróunarmál í upplýsingatækni | 84,2 | Millifærsla innan málaflokks í samræmi 29. og 34. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Uppsafnaður höfuðstóll færður á þann stað gjöld eru færð. |
| 05.40 | Stjórnsýsla ríkisfjármála | 09-190 Ýmis verkefni | 09-190 Ýmis verkefni | 18 | Millifærsla innan málaflokks í samræmi 29. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. |

Yfirlit yfir útgefið efni

Skýrslur sem birtar voru á vegum ráðuneytisins:

-
- Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum. [Nánar >](#)

 - Grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð. [Nánar >](#)

 - Stjórnendastefna ríkisins. [Nánar >](#)

 - Eigendastefna vegna jarða, landa lóða og auðlinda. [Nánar >](#)

 - Stefna í lánamálum ríkisins 2020-2024. [Nánar >](#)
-

Fjárlagatengt efni:

-
- Fjármálaáætlun 2020-2024. [Nánar >](#)

 - Breyting á þingsályktun um fjármálastefnu 2018-2022. [Nánar >](#)

 - Fylgirit með fjárlagafrumvarpi 2020. [Nánar >](#)

 - Fjárlög fyrir árið 2020. [Nánar >](#)

 - Fjáraukalög 2019. [Nánar >](#)
-

